



Velkomin til starfa

Einstaklingsverkefni - verkefnalýsing

Kóraskóli

9. bekkur

Framtíðin mín

11.-15.september

Kveikja | Í upphafi verkefnavinnu

Horfið á [myndbandið um launaseðil](#)

Upplýsingar um námsefnið

[Skali 3A](#)

[Staðgreiðsla skatta](#)

Verkefnalýsing | Það sem á að gera

1.hluti - Starfsmannahandbók

Þú átt að ímynda þér að Bónus hafi fengið þig til þess að búa til starfsmannahandbók fyrir ungmenni á aldrinum 15 til 17.

Í starfsmannahandbókinni þarf að koma fram:

- Starfslýsing: allt það sem einstaklingurinn þarf að gera í vinnunni
- Heildarlaun: skrifaðu hvaða heildarlaun einstaklingar frá 15 - 17 ára fá. Þessir einstaklingar fá laun miðað við aldur. Skoðaðu [kjarasamninga](#) (fyrsta blaðsíða) og reiknaðu rétt laun út frá byrjunarlaunum.
- Stéttarfélag: skrifaðu hvaða stéttarfélag viðkomandi ætti að vera í. Passaðu að velja rétt stéttarfélag (stéttarfélag fyrir verslunarfólk). Segðu frá hvað stéttarfélag gerir fyrir þig og hvert hlutverk stéttarfélaga er.
- Hugtök sem gott er að vita áður en þú hefur störf: útskýrðu hugtökin skattur (staðgreiðslu skattur), útborguð laun, yfirvinna, lífeyrissjóður, ráðningarsamningur, uppsagnarfrestur, orlof, persónuafsláttur, viðbótarlífeyrissparnaður, heildarlaun

Forrit sem á að nota til þess að búa til bækling: Book Creator, Canva, Piktochart

Bæklingurinn á að vera með yfirskrift í hástöfum og kaflaskiptur. Bæklingurinn á að vera litríkur og vekja áhuga.

2.hluti - Launaseðill

1. Það fyrsta sem þú átt að gera er að draga tvö heildarlaun frá kennara. Allir fá tvær mismunandi upphæðir.
2. Inn á Classroom er óútfylltur launaseðill.

3. Þú færð óútfylltan launaseðil. Þú gerir tvær útgáfur af honum með heildarlauninum sem þú dróst. Þú þarft út frá heildarlaunum að geta reiknað út lífeyrissjóðsgreiðslur, staðgreiðslu skatta, persónuafsláttur, stéttarfélagsgreiðslur, og útborguð laun. Að lokum átt þú að geta sýnt kennara báða launaseðlana og útskýrt allt sem stendur á honum.

Lífeyrissjóður: 4% af heildarlaunum

Skattstofn: þú tekur lífeyrissjóð af heildarlaunum

Heildar staðgreiðsla: allur skatturinn sem þú borgar (skattþrepin tekin saman)

Laun að frádregnum skatti: heildarlaun að frádregnum skatti

Persónuafsláttur: ákveðin upphæð sem allir fá sem veitir afslátt af skatti

Skattur: skoða hvaða skattþrep þú ert í út frá tekjum. Reiknaðu hvað þú átt að borga í skatt (athugaðu þú getur verið í tveimur til þremur skattþrepum í einu)

Stéttarfélagsgreiðsla: 1% af heildarlaunum

Ráðstöfunartekjur: Útborguð laun (nettólaun) það sem þú átt eftir af launum eftir allan frádrátt. Þú reiknar það með því að taka upphæðina sem þú fékkst úr laun að frádregnum skatti, bætir persónuafslættinum við þá tölu og svo dreguru stéttarfélagsgjaldið frá.

Heildarlaun (brúttólaun)			
Gjald í lífeyrissjóð (4%)			
Skattstofn			
Skattþrep 1			
Skattþrep 2			
Skattþrep 3			
Heildar staðgreiðsla			
Laun að frádregnum skatti			
Persónuafsláttur			
Stéttarfélagsgjald (1%)			
Útborguð laun (nettólaun)			

Staðgreiðsluhlutfallið er eftirfarandi:		
Skattþrep	Tekjubil	Hlutfall
Skattþrep 1	Af tekjum 0 – 409.986 kr.	31,45%
Skattþrep 2	Af tekjum 409.987 - 1.151.012 kr.	37,95%
Skattþrep 3	Af tekjum yfir 1.151.012 kr.	46,25%